



Þyrlan, TF-AGN. Visismynd, Loftur.



Björgunarsveitin Ingólfur býst til ferðar.

Fleiri hundruð manns tóku þátt í leitinni að þyrlunni TF-AGN sem þeir Jón Heiðberg, flugmaður og Ásgeir Höskuldsson, tæknifræðingur, fórust með. Sextíu vélsleðar og fjölmargar flugvélar og þyrlur voru notaðar við leitina, en flestir voru þó fótgangandi.

Það var björgunarsveit Slysavarnafélagsins frá Vík í Mýrdal sem fann flakið.

Jón Heiðberg var 26 ára gamall og lætur eftir sig eitt barn. Ásgeir Höskuldsson var 44 ára gamall og lætur eftir sig konu og þrjú börn. Ásgeir var eigandi vélarinnar en Jón annaðist flug hennar fyrir hann. Jón var reyndur þyrluflugmaður og hafði um nokkurra ára skeið rekið þyrluþjónustu ásamt Andra Heiðberg, föður sínum.

—ÓT.


Fleiri hundruð manns tóku þátt í leitinni



Jón Heiðberg.




Ásgeir Höskuldsson.



Flak þyrlunnar. Mynd Axel Ammendrup.

„Ég er mátulega stressaður í vatnslitina"

— segir Jónas Guðmundsson, en hann sýnir nú afrakstur streitunnar á Kjarvalsstöðum



Jónas Guðmundsson: „Það sem ofsagt kann að vera verður ekki aftur tekið..."

Ljósm. LA

„Já, ég hef alveg snúið mér að vatnslitunum núna. Ég er mátulega stressaður í þá," sagði Jónas Guðmundsson listmálari og rithöfundur, sumum kunnur undir starfsheitinu stýrimaður, þegar Vísir tók hann tali í tilefni þess að hann opnaði um helgina sýningu að Kjarvalsstöðum.

„Fyrir 10 árum var olían eiginlega einráð. Menn töldu ekkert annað vera myndlist. En svo kom olíukreppan og þá snúa menn sér að vatninu og mála með vatnslitum, pastel og í grafík.

Ég lærði grafík hjá Weisshauser í Munchen haustið '74 og fékk til þess styrk frá menntamálaráðuneytinu. En hún hentar ekki mikilvirkum mönnum. Þetta er of seinvirk aðferð. Hún þarf svo mikla þolinmæði að hún er ekki nema fyrir yfirlegumenn. Hjá mér er þolinmæðin á núlli."

Trampar á 9 af 10

Jónas kvaðst helst vilja mála myndirnar hratt og láta litina „flæða".

„Þetta verða „sorteringar" hjá mér líkt og er í postulíninu. Ég mála kannski 10 myndir, ein er nokkurn veginn í lagi, en á hinum trampar maður. Þessi tegund vatnslitunar er líkt og hjá rithöfundum. Töluð orð verða ekki aftur tekin og það sem ofsagt kann að vera í vatnslitum verður ekki heldur aftur tekið, því að pappírinn hefur gleypt það.

Að mínu mati er hugsanlegt að „leiðrétta" með hvítum lit sem þekur, en til þess að vatnslitamyndir séu góðar, þurfa þær helst að vera blautar áfram."

Máluðu eins og enskar kerlingar

„Íslendingar máluðu lengi vel eins og enskar kerlingar með vatnslitum. Þeir höfðu vatn, pensil og einhverja liti. Hins vegar hefur orðið geysileg þróun í meðferð vatnslita og við eigum þegar ýmsa góða vatnslitamálara í nýja stíl, t.d. Eirík Smith, Hafsteinn Austmann og Torfa Jónsson.

Af eldri kynslóðinni ef svo má orða það, voru margir frábærir vatnslitamálarar. Þar vildi ég nefna Gunnlaug Scheving, Kjarval og Ásgrím Jónsson. Af þeim sem nú eru á lífi af eldri kynslóðinni er til dæmis Svavar Guðnason."

Olíumyndin yrði vatnslitamynd

„Ég tel nauðsynlegt að vinna í ákveðið efni vissan tíma. Myndirnar sem ég verð með á sýningunni eru flestar málaðar frá því í haust og þær eru allar vatnslitamyndir. En það má þó ekki halda sig of lengi við sama efnið. Ef ég málaði olíumálverk núna, held ég að hún yrði vatnslitamynd. Svona getur maður fest sig við efnið og verður því að passa sig."

Vill vafalaust enginn leika þau

Jónas hefur jöfnum höndum fengist við pensilinn og blýantinn eða kannski öllu heldur ritvélina.

„Þetta fer afskaplega vel saman," sagði hann. „Sumt er auðveldara að segja í myndum, annað í máli.

Ég hef aðallega verið að skrifa leikrit núna og lít á það þannig að ég sé að skemmta mér. Það vill vafalaust enginn leika þau, enda hef ég ekkert haldið þeim fram.

En ég er líka að skrifa bók að nafninu til. Það er þó of snemmt að segja frá því ennþá. Því það er þannig með bækur sem eru rækilega kynntar á meðan þær eru enn í smíðum, að þær koma yfirleitt aldrei út."

—SJ